

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 219/1981. **Herjólfur h/f**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Eðvarð Jónssyni

og gagnsök

(Jón Hjaltason hrl.).

Verksamningur. Sjómannalög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefndu 15. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann gerir aðallega þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 8.130.30 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir, og verði málskostnaðarákvörðun héraðsdóms þá staðfest og áfrýjunarkostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 16. nóvember 1981. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 24.932.92 krónur með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu héraðsdóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Krafist er viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Herjólf TFVB fyrir öllum dæmdum kröfum.

Gagnáfrýjandi réðst til starfa sem bryti á m/s Herjólf á árinu 1976 og tók í fyrstu laun samkvæmt kjarasamningi bryta. Hinn 1. júní 1977 gerðu málsaðiljar með sér verksamning. Með honum tók gagnáfrýjandi að sér þjónustu við skipshöfn og farþega og að láta

skipshöfn í té fæði fyrir eigin reikning. Þá tók hann að sér að sjá um greiðasölu í skipinu á eigin ábyrgð, þannig að hann tæki hagnað af sölunni, en greiddi skatta og skyldur, sem henni væru samfara. Aðaláfrýjandi lét gagnáfrýjanda í té aðstöðu og áhöld til eldunar og afnot af kaffiteríu skipsins ásamt tækjum, og skyldi enn fremur greiða honum tiltekna fjárhæð mánaðarlega. Þessi samningur var framlengdur með nokkrum breytingum 25. janúar 1978, og 27. janúar 1979 gerðu málsaðiljar nýjan samning, er var í grundvallaratriðum samhljóða fyrri samningum. Skyldi samningurinn gilda til 31. maí 1979, en framlengjast síðan 6 mánuði í senn, nema annar hvor aðilja segði honum upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningurinn framlengdist samkvæmt þessu fyrst til 30. nóvember 1979 og síðan til 31. maí 1980, en hinn 28. mars 1980 sagði aðaláfrýjandi honum upp miðað við 31. maí sama ár, og þann dag lauk starfi gagnáfrýjanda á skipinu.

Samkvæmt gögnum málsins var gagnáfrýjandi allan tímann lögskráður sem bryti á skipið. Við skráningu voru kaup og kjör talin eiga að fara eftir samningum viðkomandi stéttarfélags. Gagnáfrýjandi er talinn hafa verið félagsmaður í Brytafélagi Íslands síðan 1976. Samkvæmt 9. gr. V. kafla kjaradóms um kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum, uppkveðnum 31. júlí 1979, skal, er bryti hefur starfað eitt ár hjá útgerð, gilda þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.

Líta verður svo á, að eftir 1. júní 1977 hafi réttarsamband aðilja máls þessa ráðist af áðurnefndum verksamningum, svo sem hér hagar til, en eigi af úrlausn kjaradómsins frá 31. júlí 1979 né samningum þeim um kjör bryta, er gilt höfðu áður. Þykir það eigi geta breytt þessari niðurstöðu, þótt lögskráningu gangáfrýjanda væri hagað svo sem áður segir. Verður eigi fallist á það með gagnáfrýjanda, að við lok samningsins frá 27. janúar 1979, sem sagt var upp með umsömdum fyrirvara miðað við 31. maí 1980, hafi raknað við á ný vinnuréttarsamband það, sem gildi milli aðiljanna fyrir 1. júní 1977. Mátti gagnáfrýjandi eigi gera ráð fyrir því, að hann héldi áfram brytastörfum á skipinu eftir 31. maí 1980. Samkvæmt þessu ber að taka til greina sýknukröfu aðaláfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Herjólfur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eðvarðs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel lagaákvæði ekki standa því í vegi, að verksamningur sem sá, er hér um ræðir, sé gerður um suma þætti í rekstri skips. Til þess að inna af hendi skyldur verksala þarf menn. Þeir menn skulu skráðir skipverjar, er skip er á siglingu, og bera skyldur og njóta réttinda gagnvart útgerð og skipi samkvæmt sjómannalögum.

Stefndi var skráður skipverji á m/s Herjólf með ákvæði um kaup og kjör samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags.

Svo sem í héraðsómi greinir, átti stefndi rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti. Með uppsögn á verksamningnum mátti stefnda vera ljóst, að skiprúmssamningi hans væri einnig slitið. Var ráðningartíma hans sem sjómanns því lokið hinn 30. júní 1980.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til röksemda héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda laun júnímánaðar 1980, 8.130.30 krónur, en sú fjárhæð er í samræmi við varakröfu áfrýjanda. Af fjárhæð þessari greiði áfrýjandi vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 13.000.00 krónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um viðurkenningu á sjóveðrétti í m/s Herjólf fyrir hér dæmdum kröfum.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Herjólfur h/f, greiði stefnda, Eðvarð Jónssyni, 8.130.30 krónur með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36%

ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983 og með 32% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 13.000.00 krónur.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Herjólfí til handa stefnda fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Vestmannaeyja 18. júní 1981.

Mál þetta er höfðað hér fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, útgefinni 27. ágúst sl., birtri 1. september sl., af Eðvarð Jónssyni bryta, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, á hendur Herjólfí h/f til heimtu bóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar sem bryta á m/s Herjólfí TFVB hinn 1. júní 1980, kr. 24.932.92 (gkr. 2.493.292) ásamt með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. júní 1980 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar, að hann eigi sjóveðrétt í m/s Herjólfí TFVB fyrir öllum framangreindum kröfum.

Við munnlegan málflutning þann 11. þ. m. og sömuleiðis áður þann 8. apríl sl. breytti stefnandi dómkröfum á þá leið, að nú var krafist 46% ársvaxta frá 1. júní 1980 til uppsögu héraðsdóms og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma (dómvöxtum), til greiðsludags, en að öðru leyti voru dómkröfur óbreyttar.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði til dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Mál þetta var upphaflega dómtekið 8. apríl sl., en endurupptekið þann 7. maí sl. og þá lagt fyrir lögmenn að afla frekari gagna í málinu. Málið var síðan dómtekið að nýju þann 11. júní sl. að undangengnum munnlegum málflutningi.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

I. Málavextir.

Málsatvikum þykir mega lýsa þannig: Á árinu 1976 var stefnandi ráðinn bryti á m/s Herjólf, og telur stefnandi, að sér hafi þá þegar verið greitt kaup í samræmi við kjarasamning Félags bryta. Hefur stefnandi að nokkru lýst, hvernig starfskjörum og rekstri veitingasöslunnar var háttað fyrstu árin,

er hann starfaði í þjónustu stefnda. Kom það m. a. fram, að stefnandi lagði þá út fyrir kaupum á aðföngum, en fékk það síðan endurgreitt hjá stjórn Herjólfss h/f við framvísun reiknings. Þá greiddi stjórn Herjólfss h/f stefnanda kaup og stefnandi síðan aftur starfsfólkinu.

Á fundi stjórnar Herjólfss h/f 1. febrúar 1977 var rekstur veitingasölnunnar til umræðu, og var þar samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að ræða við stefnanda um málið og hugsanlega breytingu á fyrirkomulagi, og í fundargerð stjórnarinnar frá 7. apríl 1977 stendur, að formaður hafi lagt fram drög að samningi milli stefnda og stefnanda, þar sem gert sé ráð fyrir, að stefnandi sjái um allar veitingar og ræstingu um borð í skipinu fyrir tiltekið verð á mánuði, sem enn liggi ekki fyrir. Framantalið gerði Eðvarð fyrir eigin reikning, eins og segir í fundargerðinni.

Þann 27. janúar 1979 var gerður svofelldur samningur, dskj. nr. 7, með stefnanda og stefnda.

„Samningur

Við undirritaðir, Herjólfur h.f., í samningi þessum nefndur verksali, og Eðvarð Jónsson, matsveinn, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, hér nefndur verktaki, gerum með okkur svofelldan

Samning:

1. gr.

Verktaki tekur að sér fyrir eigin reikning að láta skipshöfn m.s. Herjólfss í té fæði, sem henni ber samkvæmt samningum miðað við vinnutíma frá kl. 8 f. h. til kl. 17 e. h., þ. e. morgunmat, hádegismat, miðdegiskaffi og molakaffi í vinnutíma eins og tíðkast um borð í sambærilegum skipum. Í þeim tilfellum, að skipið fari úr heimahöfn eftir hádegi, komi til kvöldverður og kvöldkaffi í stað morgunmatar og hádegisverðar.

Í þeim tilfellum, að framkvæmdastjóri Herjólfss h.f. telji, að reiða þurfi fram aukamáltíðir umfram það, sem að ofan er nefnt, greiðist það aukalega með kr. 1.100 fyrir máltíðina, kr. 700 fyrir morgunverð og kr. 500 fyrir kaffi.

2. gr.

Verktaki sér um að skipta á rúmunum farþega í Þorlákshöfn auk nauðsynlegrar ræstingar þar. Einnig sér verktaki um, að skipt sé á rúmunum skipshafnar. Verksali sér um að greiða kostnað vegna ræstingar í heimahöfn (skipta á rúmunum farþega, ræsta farþegaklefa, ganga, snyrtiklefa og salarkynni). Að öðru leyti annast verktaki ræstingu skipsins á sinn kostnað skv. verksamningi og eins og venja hefur skipast um.

3. gr.

Verktaki tekur að sér að sjá farþegum og áhöfn fyrir þjónustu á ferðum skipsins, og skal verktaki hlíta fyrir mælum skipstjóra og framkvæmdastjóra, að því er framkvæmd þessa liðs lýtur, og skulu heilbrigðisyrðir í Vestmannaeyjum skera úr, ef til ágreinings kemur, að því er varðar hreinsun og hreinlæti um borð í skipinu.

4. gr.

Verktaki tekur að sér að selja miða fyrir afnot af svefnklefum, og skal hann halda skrá yfir nöfn farþega, sem svefnpláss kaupa í hverri ferð og gera skil á þeim daglega til framkvæmdastjóra. Fyrir framangreind störf og þjónustu, sem tilgreind er í liðum 1 til 4, greiðir verksali með eftirfarandi:

A. Lætur í té alla aðstöðu til eldunar og framleiðslu á fæðu áhafnar og afnot af öllum tækjum, sem í skipinu eru og ætluð eru til slíkra nota. Ennfremur afnot af kæli- og frystigeymslum og öðrum geymslum, sem fyrir hendi eru og ætluð eru til afnota í þessu skyni, allt án þess að greiðsla komi fyrir, og skal verktaki einn hafa lykjavöld að umræddum geymslukæli- og frystiklefum. Tekur verktaki við tækjum öllum eins og þau eru í dag og skilar þeim að samningstíma loknum í sama ástandi, að undanskildu eðlilegu sliti. Tæki öll, sem í skipinu eru eða kunna að verða sett upp farþegum til afþreyingar, eru öll á vegum verksala, og hirðir hann arð af þeim og annast viðhald þeirra í samræmi við samninga hans þar um.

B. Afnot af kaffiteríu og söluaðstöðu, sem í skipinu er, og tækjum öllum, sem kaffiteríunni fylgja, ber verktaki alla ábyrgð á, verslun í kaffiteríunni og sölu allri í skipinu, hirðir hagnað af sölnunni, en ber hinsvegar að greiða alla skatta og skyldur, sem versluninni eru samfara og fylgja því að hafa fólk í vinnu. Heimilt skal framkvæmdastjóra Herjólfss h.f. að fylgjast með brúttó-sölu í kaffiteríu, og er verktaka skylt að láta stimpla alla sölu inn í peningakassa teríunnar.

C. Verksali greiði verktaka, auk afnota af söluaðstöðu, tækjum og geymslurými, sem áður er talið, kr. 1.930.000 á mánuði, og er það fullnaðargreiðsla alls kostnaðar samkvæmt greinum 1 — 4 hér að framan, þar með talin laun og launatengdur kostnaður. Auk þess greiðir verksali verktaka vegna hækkana, sem orðið hafa á kaupgjaldi og verðlagi frá 1. júní 1978, sem hér segir: Frá 1. júní til 31. ágúst 1978 greiði verksali mánaðarlega kr. 1.773.000. Frá 1. sept. til 30. nóv. 1978 greiði verksali mánaðarlega kr. 1.936.000.

Framlengist samningur þessi sjálfkrafa (sbr. 6. gr.), endurskoðast þessi liður á 3ja mánaða fresti, þ. e. 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert.

Aðilar eru sammála um, að af mánaðargreiðslum verksala til verktaka sé launaliður 51% og matvöruliður 49% og taki greiðsla verksala breytingum í samræmi við þá skiptingu, verði breytingar á kaupgjaldi og verðlagi matvöru.

5. gr.

Stöðvist rekstur skipsins af óviðráðanlegum ástæðum, skal verksali þó aðeins greiða verktaka beinan útlagðan kostnað, svo sem kaup starfsfólks og hans eigið kaup samkv. gildandi samningum þar um. Ef lengri stöðvun yrði, áskilur verksali sér rétt til að krefjast þess, að verktaki segi upp starfsfólki sínu í samræmi við gildandi kjarasamninga, og rofnar þá einnig gildi þessa samnings með sama fyrirvara.

Ef annarhvor aðili brýtur samninginn, skal dómkveða 3 óvilhalla menn til að meta tjón, sem sá aðili, er brotið hefur verið á, kann að hafa orðið fyrir.

6. gr.

Gildistími samningsins er frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979. Verði samningnum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með tveggja mánaða fyrirvara, framlengist hann í 6 mánuði í senn.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Vestmannaeyjum 27. janúar 1979.

F. h. verksala, Herjólfss h.f.
Ólafur Runólfsson

Verktaki
Eðvarð Jónsson.“

Hugtakabrengr virðist hafa átt sér stað við gerð samningsins, þar sem verksali og verktaki eru þar nefndir sitt hvor aðilinn, þótt tíðast sé í slíkum samningum um sama aðilja að ræða, en gagnaðili þá nefndur verkkaupi.

Af dskj. nr. 20 til 23 má enn fremur ráða, að svipaður samningur hafi gilt með stefnanda og stefnda frá 1. júní 1977, og rak stefnandi eins og eftir 1. des. 1978, eða eftir gerð hins nýja samnings, dskj. 7, veitingasölu o. fl. um borð í m/s Herjólf fyrir eigin reikning, en þó með nánar tilteknu endurgjaldi vegna kostnaðar, er rekstrinum væri samfara, þ. m. t. launum og launtengdum gjöldum.

Eins og fram kemur í 6 gr. samningsins hér að framan, var gildistími

samningsins frá 1. desember 1978 til 31. maí 1979, en framlengdist í 6 mánuði í senn, ef annar hvor aðili hafði eigi sagt honum upp með tveggja mánaða fyrirvara. Þannig framlengdist samningurinn sjálfkrafa til 30. nóv. 1979 og hefði gilt áfram eftir 31. maí 1980 og þá til 30. nóv. 1980, hefði stefndi ekki notað sér heimild í uppsagnarákvæði 6. gr. samningsins í marsmánuði 1980. Uppsagnarbréf stefnda til stefnanda (dskj. 8) hljóðaði þannig:

„Vestmannaeyjum 28. marz 1980.

Hr. Eðvarð Jónsson,
Hrauntúni 61,
Vestmannaeyjum.

Efni: Uppsögn samnings.

Með tilvísan til 6. gr. samnings milli yðar og Herjólfss h.f. frá 27. jan. 1979 samþykkti stjórn Herjólfss h.f. á fundi sínum í gær að segja upp samningi þessum með tveggja mánaða fyrirvara frá og með 31. marz n. k.

Jafnframt var samninganefnd félagsins falið að ræða við yður um endurnýjun eða gerð nýs samnings.

Það eru því vinsamleg tilmæli vor, að þér hafið sambandi við framkvæmdastjóra félagsins um, hvort og hvenær þér eruð tilbúnir til slíkra viðræðna.

Virðingarfyllt,
F.h. Herjólfss h. f.
Georg Hermannsson.“

Einhverjar samningaumleitanir fóru fram milli stefnanda og aðilja innan stjórnar Herjólfss h/f eftir þetta um endurnýjun eða gerð nýs samnings, en ekki varð samkomulag með aðiljum, og kom uppsögnin til framkvæmda, eins og nánar greinir í aðiljaskýrslu stefnanda, sem hann gaf hér fyrir dóminum, og skýrslu Ólafs Runólfssonar framkvæmdastjóra og vitnisins Lárusar Gunnólfssonar, er einnig hafa komið hér fyrir dóminn. Áður en gerð er frekari grein fyrir framburðum þessum, þykir rétt að greina frá, hvornig aðiljar lýsa málavöxtum, stefnandi annars vegar í stefnu, en stefndi hins vegar í greinargerð.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þessa leið: „Stefnandi kveður skipstjóra, er þá var með m.s. Herjólf, Lárus Gunnólfsson, hafa sagt sér upp brytastarfi á m. s. Herjólf, sem stefnandi hafi gegnt og verið lögskráður til, frá því er skipið fyrst kom til Vestmannaeyja 1976 í júlí, hinn 1. júní 1980.

Eitthvað um viku áður kveður stefnandi framkvæmdastjóra Herjólfss h.f. hafa lesið fyrir sig upp úr fundargerð stjórnar Herjólfss h.f., að hún samþykkti að segja honum upp starfi sem bryta á m. s. Herjólf frá 1. 6. 1980. Sá fundur hafði verið haldinn eftir 20. maí 1980. Þessu hafi hann ekki sinnt, enda talið uppsögnina ólöglega. Meðan stefnandi var í þjónustu Herjólfss h.f., annaðist hann meira en brytastarfið og fékk kaup samkvæmt verksamningi þar um, síðast dags. 27. janúar 1979. Þeim samningi sagði stefndi upp með bréfi 28. mars 1980, en bauð upp á endurnýjun og gerð nýs samnings, sem ekki varð af, og því féll sá sérsamningur úr gildi 31. maí 1980.“

Í greinargerð stefnda er málavöxtum hins vegar lýst á þessa leið: „Saga þessa máls er sú, að 1976 var stefnandi ráðinn bryta á m. s. Herjólf stuttan tíma, eða þar til brytastarfið ásamt rekstri veitingasölu og fleiri störfum var boðið út á frjálsum markaði vegna sérstaks eðlis starfsins, sbr. ummæli kjaradóms í dskj. nr. 12. „*Undir rekstri málsins kom fram af hálfu málsaðila, að hin svonefndu ferjuskip, þ. e. Akraborg og Herjólfur, eru rekin með öðrum hætti en farskip almennt, og er því þörf sérákvæða, er varða vinnutilhögun og fleira á þeim skipum. Málsaðilar eru hins vegar sammála um, að eðlilegt sé, að þeir semji um þetta sérstaklega og hafa lýst sig reiðubúna til þess.*“

Stefnandi gerði tilboð í brytastarfið, veitingareksturinn og það, sem því fylgdi, og var gerður verksamningur við hann um verk þau, er hann tók að sér, og síðar framhaldssamningur, dags. 27. janúar 1979, sem er dskj. nr. 7, en samningur þessi gildi til 31. maí 1980 miðað við, að honum væri sagt upp með 2ja mánaða fyrirvara, svo sem gert var, sbr. dskj. nr. 8, en samningurinn hafði framlengst samkvæmt ákvæðum í 6. gr. fyrst til 31. nóvember 1979 og síðan til 31. maí 1980, sbr. ofansagt.“

Kjaradómur sá, sem hér er vitnað til í greinargerð stefnda, var settur á fót með lögum nr. 70 frá 19. júní 1979, og skyldi verkefni Kjaradómsins vera að ákvarða kaup og kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum vegna þá yfirstandandi verkfalls yfirmanna á farskipum og undirmanna innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðilja innan Vinnuveitendasambands Íslands. Sömuleiðis vegna þá þegar boðaðs viðtæks verkabanns Vinnuveitendasambands Íslands, en sáttatilraunir höfðu reynst árangurslausar, og engar horfur voru taldar á lausn deilnanna, svo og vegna tjóns þess, er verkabann þetta og verkfall hafi þegar valdið, eins og nánar greinir í lögum þessum. Hin tilvitnuðu ummæli í greinargerð stefnda er að finna í úrskurði Kjaradómsins frá 31. júlí 1979, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 12, eins og fram er tekið í greinargerð stefnda. Af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í greinargerðinni, tók Kjaradómurinn ekki afstöðu til þessara sératriða ferjuskipanna.

Stefnandi, Eðvarð Þór Jónsson, 36 ára matsveinn, til heimilis að Hraun-túni 61, Vestmannaeyjum, kvaðst vera sammála málsvikunum, eins og þeim var lýst í stefnu. Hann kvaðst þó vilja gera eina athugasemd að því er tæki til þáttar skipstjóra í málinu, því þannig hafi málum verið háttað, að hann sjálfur hafi neitað að skila lykllum, nema skipstjóri bæði um þá, en framkvæmdastjóri, Ólafur Runólfsson, hefði verið búinn að biðja sig um að skila þeim til þess, er tæki við starfinu um borð. Þessu hafi hann hins vegar neitað, enda talið, að sér væri ekki heimilt lögum samkvæmt að skila öðrum lykklunum en skipstjóra. Í framhaldi af því hafi Lárus Gunnólfsson stýrimaður sem staðgengill hins reglulega skipstjóra kallað hann heim til sín sunnudaginn 1. júní og sagt sér það, að búið væri að skrá hann úr skiprúmi, sem þýddi brottvikningu, og þá segist hann hafa skilað Lárusi lykklunum, enda kvaðst hann hafa litið á Lárus sem skipstjóra í umrætt sinn.

Stefnandi kvaðst ekki hafa réttindi sem bryti (matreiðslumaður), en hafi sótt námskeið í Reykjavík 1972 og 1973. Hann kvaðst ekki muna greinilega eftir, hvernig starfskjörum hafi verið háttað fyrstu árin, og hafi sér virst það vera í mjög lausum skorðum. Taldi hann þó, að sér hafi verið ætlað kaup í samræmi við kjarasamninga Félags bryta og svo hafi einnig verið um starfsfólk í mötuneyti, það hafi fengið greitt kaup í samræmi við kjarasamning viðkomandi stéttarfélags. Hann sagði, að sú tilhögun hafi verið á greiðslu kaups til starfsfólks í mötuneyti á þessum tíma, að stjórn Herjólfss h/f hafi greitt sér kaup þess og hann síðan aftur starfsfólkinu.

Stefnandi kvaðst ekki muna, hvort það var sérstaklega skv. ósk annars aðiljans en hins, að samningurinn, dskj. 7, hafi verið gerður og hafi það eflaust verið gert skv. vilja beggja aðilja, sín sjálfs og stjórnar Herjólfss h/f. Eftir gerð þessa samnings hafi hann verið með reksturinn á eigin ábyrgð og hafi aðstaða sín breyst í samræmi við það og hann nú t. d. greitt sjálfum sér laun. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki vera viss um, hvort hann hafi verið í einhverju stéttarfélagi, á meðan hann starfaði á m/s Herjólf, en kvaðst þó alltaf hafa verið í Félagi matreiðslumanna og greitt til þess félags, en ekki kvaðst hann hafa verið í félagi vinnuveitenda eftir gerð samningsins, dskj. nr. 7. Kvað hann nú einungis hafa verið greitt eftir launalið samningsins og ekki hafi verið gerður annar samningur við hann eftir gerð þessa samnings. Þá kvaðst hann ekki vita til þess, að sambærilegur samningur væri í gildi annars staðar, að minnsta kosti ekki á sambærilegu skipi. Hann kvaðst þó halda, að á sínum tíma hafi verið í gildi á gömlu Akraborginni samningur sambærilegur við þennan samning.

Stefnandi sagði, að enginn sérstakur aðdragandi hafi verið að því, að stefndi sagði samningnum upp, né hafi til þess legið nokkrar ástæður. Hann sagði, að Ólafur Runólfsson, framkvæmdastjóri Herjólfss h/f, hefði afhent

sér uppsagnarbréfið og hefði hann skilið það þannig, að eftir 1. júní væri verksamningurinn úr gildi fallinn. Hins vegar hafi það verið einhliða ákvörðun stjórnar Herjólfss h/f, að samninganefndin var sett á fót. Einn samninganefndarfundur hafi verið haldinn og átt hafi að halda annan, en ekki hafi af því orðið, og Ólafur Runólfsson síðan tilkynnt sér endanlega ákvörðun stjórnar Herjólfss í málinu. Á samninganefndarfundinum kvaðst hann hins vegar hafa verið búinn að lýsa vilja sínum til þess að halda áfram störfum um borð í m/s Herjólfur eftir 1. júní 1980, og þar sem samningurinn var fallinn úr gildi, þá skv. kjörum gildandi kjarasamnings bryta, miðað við 4 ára starf. Þannig hefði hann, ef hann hefði ekki verið afskráður, mætt til starfa eins og venjulega, en eftir að Ólafur hafi verið búinn að tilkynna sér ákvörðun stjórnarinnar, hafi hann gert sér ljóst, að þeir óskuðu ekki lengur eftir þjónustu hans, og kvaðst hann hafa tekið allt, er honum tilheyrði, úr skipinu 31. maí. Stefnandi kvaðst loks hafa fengið útreikning á launum frá Brytafélagi Íslands, en kjarasamninginn frá Vinnuveitendafélaginu.

Ólafur Helgi Runólfsson, 48 ára framkvæmdastjóri hjá stefnda, Fjólu-götu 11, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa starfað hjá stefnda frá 6. febrúar 1977. Hann kvaðst yfirleitt sitja stjórnarfundi, þó hann væri ekki aðili að stjórninni. Þannig hafi hann setið stjórnarfundinn 27. mars sl., þar sem ákvörðun var tekin um að segja samningnum við stefnda (sic) upp, sbr. dskj. nr. 8. Skýrði hann ástæðuna fyrir uppsögninni á þá leið, að það hefði verið eflaust af því, að stjórnin hafi ekki verið ánægð með samninginn, enda komi það fram í fundargerðinni, að stjórnin segi samningnum upp, en í fundargerðinni standi aðeins um þetta atriði: „Stjórnin ákvað að segja upp samningnum við bryta og samninganefnd falið að ræða við hann um endurnýjun á samningnum.“ Hann kvað það rétt vera, að það heyrði til starfssviðs síns að fylgjast með því, að stefnandi stæði við skyldur sínar skv. samningnum. Hann kvað stefnanda hafa staðið við starfsskyldur sínar skv. samningnum svo langt sem það hafi náð, en kassarnir hafi alltaf verið í ólagi og aldrei hafi virst vera hægt að leggja fram daglegt uppgjör.

Hann staðfesti, að stefnandi hafi verið lögskráður sem bryti á skipið, og hann kvað það rétt vera, að hann hefði afskráð stefnanda þann 31. maí. Samninganefndina kvað hann ekki hafa verið skipaða sérstaklega vegna þessa máls, heldur hafi stjórninni á sínum tíma verið skipað niður í einstakar undirnefndir með ákveðnu verksviði, sbr. byggingarnefnd o. fl., og viðkomandi nefnd, sem hér hafi komið til, sé rekstrar- og samninganefnd. Hann kvað það hafa verið ætlun samninganefndarinnar að semja við stefnanda á þeim tíma, er fundurinn 9. maí var haldinn, enda hafi það verið hlutverk nefndarinnar. Hins vegar kvaðst hann ekki geta svarað því, hvenær horfið hafi verið frá því að semja við stefnanda, en hann væri ekki

í samninganefndinni, þó hann sæti fundi hennar. Hann vísaði til liða 1 — 5 á dskj. 11 um, hvað hefði efnislega komið fram á samninganefndarfundinum 9. maí, þar sem standi: „Einnig hafa nefndarmönnum og framkvæmdastjóra borist margar kvartanir vegna óstjórnar í rekstri teríunnar, og eru þessar helstar:

1. Umtalsverður skortur á háttvísi starfsfólks í samskiptum við farþega, er viðskipti eiga við teríu.

2. Klæðnaður starfsfólks í teríu ekki í samræmi við kröfur heilbrigðisfyrirvalda um meðferð matvæla.

3. Óeðlilegur og óþarfur umgangur óviðkomandi aðila um teríuna.

4. Lítið úrval veitinga í teríu.

5. Slælegt eftirlit með þeirri starfsemi, sem fram fer í teríu og veitingasal.“

Samninganefndin hafi beint þessu að stefnanda og óskað eftir því við stefnanda, að úrbót yrði gerð á þessum atriðum. Hann kvað samninganefndina hafa verið með tillögur til breytinga í samræmi við þessar kvartanir. Stefnandi hafi tekið þessum aðfinnslum vel og tillögum þeim, sem þeim voru samfara. Hafi hugmyndin verið sú að vinna að þessum breytingum, en af því hafi því miður ekki orðið. Hann kvaðst ekki geta skýrt, af hverju ekki hafi orðið af því, að öðru leyti en því, að er farið hafi verið að fylgjast með þessu, þá hafi það komið í ljós, að ekkert hafi verið gert af hálfu stefnanda af því, sem samninganefndarmenn hafi farið fram á. Kvaðst hann hafa fylgst með þessu atriði og hafi stjórnin einnig gert það.

Vitnið Lárus Gunnólfsson, 43 ára stýrimaður, til heimilis að Heiðarvegi 41, Vestmannaeyjum, sem gegndi störfum skipstjóra á m/s Herjólfri 1. júní sl., kvað framkvæmdastjórnann hafa tjáð sér, að búið væri að afskrá stefnanda, og kvaðst vitnið þá hafa hringt í stefnanda og beðið hann um að skila til sín lyklunum, sem stefnandi hafi síðan gert, án þess að nokkuð frekar hafi farið á milli vitnisins og stefnanda.

Þannig væri það ekki rétt, sem í stefnu stæði, að það hefði vikið stefnanda úr starfi, því eins og fram sé komið, þá hafi það hringt í stefnanda og sagt honum í samræmi við beiðni framkvæmdastjórans að skila til sín lyklunum, eftir að framkvæmdastjórinn var búinn að segja sér, að búið væri að afskrá stefnanda. Vitnið staðfesti, að stefnandi hefði verið lögskráður sem bryti á skipið, og kvað vitnið þann hátt hafðan á, að 1. stýrimaður sæi um framkvæmd á lögskráningu og afskráningu. Eftir að stefnandi hafi farið af skipinu, hafi ekki verið skráður bryti á skipið, þar sem fyrirmæli hafi komið um það frá skrifstofu, að sá, sem nú yrði skráður, yrði skráður sem matsveinn. Spurningu um það, hver hefði afskráð stefnanda, svaraði vitnið á þá leið, að framkvæmdastjórinn hefði hringt í sig

og sagt sér, að búið væri að afskrá stefnanda, kvaðst vitnið hafa fengið fullvissu um það hjá lögskráningarstjóra þann sama dag, að svo var, en vitnið kvaðst að öðru leyti ekki geta svarað spurningunni.

Vitnið Angantýr Arngrímur Eliasson, 64 ára, starfsmaður lögskráningar-
stjórans í Vestmannaeyjum, til heimilis að Ásavegi 18, Vestmannaeyjum,
sagði, að ekki væri nærri alltaf gengið úr skugga um við lögskráningu, að
lögskráðir sjómenn væru ráðnir skv. samningum viðkomandi stéttarfélags,
þó stimpill sá, sem vitnið þó kvaðst alltaf nota við lögskráninguna, vísaði
til slíkra samninga. Hins vegar væri gengið út frá því, að ráðið væri sam-
kvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags, nema sérstaklega væri beðið
um annað. Að því er tæki til stefnanda sérstaklega, þá hefði aldrei verið
farið fram á það, hvorki af hálfu skipstjóra né útgerðar Herjólfss h/f, að
hann yrði skráður eftir sersamningum eða á annan hátt en í lögskráningar-
vottorði fyrir stefnanda kæmi fram. Ekki kvaðst vitnið hins vegar hafa
spurt sérstaklega um það við lögskráninguna, hvort skráð væri eftir sér-
samningi, enda ítrekaði vitnið, að ef ekki væri sérstaklega um annað getið,
þá væri skráð eftir samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og
kjör,

II. Málsástæður og lagarök aðilja.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig: „Brytalaun frá 1. júní
— 31. ágúst 1980

júní 1980 30 dagar laun á dag 27.101

2 ¹ virkur dagur x 27.101	569.121
--	---------

9 laugar- og sunnudagar x 27.101	243.909
--	---------

júlí 31 dagur

23 virkir dagar x 27.101	623.323
--------------------------------	---------

8 laugar- og sunnudagar x 27.101 216p808

ágúst 31 dagur

21 virkur dagar x 27.101	569.121
--------------------------------	---------

10 laugar- og sunnudagar x 27.101	271.010
---	---------

samtals kr. 2.493.292.-

(Gamla krónur, innskot dómarans).“

Útreikningur þessi væri í samræmi við kjarasamning bryta í Félagi bryta og væri útreikningurinn fenginn hjá Brytafélagi Íslands, eins og fram komi í framburði stefnanda. Lögskráningarskjalið, dskj. nr. 14, sýni, að stefn-

andi hafi verið ráðinn á skipið skv. samningi viðkomandi stéttarfélags og taki því laun skv. þeim samningi í upphafi ráðningartímans, þ. e. upp á gildandi kjarasamning bryta. Þetta komi enn fremur fram í vitnaframburði Angantýs Eliassonar, þar sem vitnið segi, að almennt sé skráð skv. samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og kjör og aldrei hafi verið farið fram á það varðandi stefnanda, hvorki af hálfu skipstjóra né útgerðar Herjólfss h/f, að hann yrði skráður eftir sérsamningum eða á annan hátt en í lögskráningarvottorðinu komi fram. Á ráðningartímanum sé hins vegar gerður sérsamningur við stefnanda og hafi sá samningur m. a. falið í sér laun stefnanda í samræmi við 9. gr. brytasamningsins, en 1. mgr. 9. gr. hljóði þannig: „Þegar bryti hefur unnið eitt ár hjá útgerð, skoðast hann sem fastur starfsmaður hennar, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.“ Þess sé hér enn fremur að geta, að farið hafi verið fram á það, að leitt yrði í ljós, til hvaða stéttarfélags stefnandi teldist, frá hvaða tíma, hvort hann nyti þar fullra réttinda sem faglærður maður eða ófaglærður. Í vottorði (símskeyti), sem Eggert Eggertsson gjaldkeri hafi gefið út, segi, að það vottist hér með, að Eðvarð Þór Jónsson, Hrauntúni 61, Vestmannaeyjum, hafi verið fullgildur meðlimur í Brytafélagi Íslands frá árinu 1976. Ekki hafi verið bornar brygður á af hálfu gagnaðilja, að vottorð þetta komi frá réttum aðilja, og hafi því verið óþarfi að leita eftir sérstakri staðfestingu á vottorðinu. Öll rök hnígi þannig að því, að samningur bryta eigi að gilda varðandi kaup og kjör stefnanda, enda sé bóta-krafa stefnanda við það miðuð.

Ekki verði á það fallist, að uppsögnin, sbr. dskj. 8, feli í sér uppsögn á brytastarfinu. Ef meiningin hafi verið að segja stefnanda upp brytastarfinu með uppsögninni, dskj. nr. 8, hafi þurft að gera það skriflega, svo óyggjandi væri. Í þessu sambandi sé rétt að vekja athygli á því, að í forsendum kjaradóms, dskj. nr. 12, komi fram, að gert sér ráð fyrir sérsamningi, en hins vegar sé ljóst, að ef sérsamningur er ekki í gildi, þá sé það brytasamningurinn, sem gildi. Ef stefnandi hefði verið lögskráður upp á sérsamninginn, dskj. 7, þá hefði málið horft allt öðruvísi við. Stefndi hafi hins vegar ávallt tekið laun sem launþegi og eftir kjarasamningi bryta, sem liggi fyrir í málinu, dskj. 12. Það sé hins vegar alveg ljóst, að stefndi hafi staðið í þeirri meiningu, að það væri nægilegt að segja stefnanda upp með því að segja sérstamningnum, þ. e. kjarasamningnum, dskj. 7, upp, en dskj. 7 sé kannski frekar verksamningur. Þetta komi m. a. fram í dskj. nr. 16, sem sé ljósrít fundargerðar stjórnar Herjólfss h/f, fundur haldinn 31. maí 1980, þar sem segi, að stefnandi hafi verið afskráður 31. maí 1980 með tilvísun til sérsamnings, sem sagt hafi verið upp með samningsbundnum fyrrvara. Þá sé hins vegar jafnvíst, að stefnanda sé ekki endanlega vikið úr starfi, fyrr en skipstjóri tilkynni honum, að það væri búið að af-

skrá hann, enda væri þá frekara starfi hans um borð í skipinu hafnað. Þá hafi skipstjóri krafist þess, að stefnandi afhenti honum lyklna, en í þessu sé uppsögnin fólgin. Þannig hafi stefnandi átt rétt á að lita svo á, að eftir að sérsamningnum hafði verið sagt upp, sem ekki sé vinnusamningur, þá hafi hann mátt reikna með að halda áfram starfi sínu sem bryti á skipinu og þá upp á gildandi kjarasamning bryta, sem hann hafi verið lögskráður til. Uppsögn hans á brytastarfinu hafi hins vegar verið fyrirvaralaus og ástæðulaus, en ljóst sé, að 13. gr. sjómannalaga, laga nr. 67/1963, eigi við um stefnanda, en skv. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaganna sé um þriggja mánaða uppsagnarfrest að ræða og eigi það við um stefnanda, eins og áður segi. Um bótarétt sinn til hinnar fyrirvaralaus og ástæðulausu uppsagnar vísi stefnandi aftur á móti til 2. mgr. 3. gr. laga 67/1963 per analogiam og séu í dómasafni Hæstaréttar margir dómar um þriggja mánaða uppsagnarfrest skipstjóra, vélstjóra og stýrimanna og sama gildi um bryta, eins og áður segi, þó ekki sé að finna í dómasafninu dóm um uppsögn bryta.

Stefndi byggir dómkröfur sínar til sýknu aftur á móti á því, að stefnandi hafi alla tíð verið sjálfstæður atvinnurekandi, eins og reyndar fram komi í framburði stefnanda sjálfs. Aðalreglan í sjómannalögunum sé sú, að hægt sé að semja um uppsagnarfrestinn, eins og fram komi í 13. gr. sjómannalaganna. Eins og fram komi í framburði stefnanda sjálfs, þá sé stefnandi ekki bryti. Hins vegar sé það staðreynd, að hann hafi verið lögskráður sem bryti. Tilgangurinn með lögskráningunni sé hins vegar sá að veita sönnun fyrir því, hverjir séu um borð í skipi. Ekki séu nein tengsl milli lögskráningarinnar sem slíkrar og þess, sem samið er um. Það, sem aðiljar hafi samið um, sé að finna í samningi, sem lagður hafi verið fram í málinu sem dskj. nr. 7. Af framansögðu fái það með engu móti staðist, að stefnandi hafi verið ráðinn skv. kjarasamningi bryta, enda sé sá samningur allt annars eðlis og öðruvísi en sá samningur, sem gerður var við stefnanda, dskj. nr. 7. Í venjulegum kjarasamningi bryta sé gert ráð fyrir, að hann sé á launum sem launþegi svo og aðstoðarfólk hans hjá útgerðinni og að útgerðin hafi sjálf á hendi sölu um borð á fæði og öllum veitingum, sbr. 3. gr. kjarasamningsins. Í 2. mgr. 3. gr. kemur enn fremur fram, að bryti megi enga verslun hafa fyrir aðra en útgerð sína og ekki heldur reka verslun fyrir eigin reikning. Þannig sé tekinn af allur vafi um sérstöðu starfs og verkefnda stefnanda, enda hafi verið gerður við hann verksamningur um brytastarfið og allan annan rekstur, sem hann hafði með höndum fyrir eigin reikning og rak með starfsfólki, sem hann greiddi laun sem hver annar verktaki og atvinnurekandi, sbr. dskj. nr. 7. Kjaradómur hafi enn fremur staðfest þörf á slíkum sérsamningum, þar sem hjá Kjaradómi, dskj. nr. 12, komi fram, að ferjuskipin Akraborg og Herjólfur séu rekin með öðrum hætti en farskip

almennt og því sé þörf sérákvæða að því er varði vinnutilhögum og fleira á þeim skipum. Þá komi enn fremur fram í forsendum kjaradóms, að málsaðiljar fyrir Kjaradómi séu hins vegar sammála um, að þeir semji um þetta sérstaklega og hafi lýst sig reiðubúna til þess. Kjaradómurinn hafi því ekki tekið afstöðu til þessara sératriða ferjuskipanna. Stefnandi staðfesti reyndar sjálfur í framburði sínum hér fyrir dóminum, að brytasamningurinn sé ekki annað en hugarfóstur við mál þetta. Þannig segi stefnandi í svari sínu við því, hvort stefnandi hafi fengið sérstaklega greitt fyrir störf bryta skv. launataxa Félags bryta eða annars stéttarfélags, að eftir gerð samningsins (dskj. 7) hafi ekki verið sérstaklega greitt fyrir það skv. launataxa Félags bryta, heldur hafi verið farið eftir launlið samningsins.

Á sama hátt og stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda samkvæmt kjarasamningi bryta þá eigi hann heldur ekki kröfur á hendur stefnda samkvæmt sjómannalögum, því samkvæmt sjómannalögum sé einmitt gert ráð fyrir því, að samið sé á ýmsa vegu um kaup og kjör og uppsagnarfrest og annað eftir atvikum. Þetta sjáist best á 13. gr. sjómannalaganna, en í 1. mgr. þeirrar greinar segi m. a.: „Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp,“ og í 2. mgr. segi enn fremur m. a.: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna,“ Alveg sé ljóst, hvað í lagagreininni standi, nefnilega að uppsagnarfresturinn sé þrír mánuðir, nema öðruvísi sé um samið og á það verði að leggja áherslu, því í samningi stefnanda við stefnda hafi einmitt verið samið um annað. Aðrar greinar sjómannalaganna hnígi í sömu átt. Þannig geri 14. gr. sjómannalaganna ráð fyrir, að skipverji geti verið ráðinn um ákveðinn tíma, og 12. gr. tali um, að skipverji geti verið ráðinn um ákveðinn tíma eða með tilteknum uppsagnarfresti. Í sjómannalögum sé enn fremur að finna ákvæði um það, hvernig ráðningarsamningurinn skuli úr garði gerður. Þannig segi í 11. gr., 2. mgr., að hann skuli vera skriflegur, eins og samningurinn á dskj. nr. 7 sé einmitt. Í samningnum skuli greina stöðu skipverja á skipi, tímabil, sem skipverji sé ráðinn til, og uppsagnarfrest, sé um það samið, svo og umsamið kaup fyrir aukavinnu, hlunnindi m. a. Þá geti stefnandi ekki sannað, að Lárus skipstjóri hafi sagt honum upp störfum. Af öllu þessu megi þannig vera ljóst, að stefnandi geti ekki reist skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á sjómannalögum, hvorki 13. gr. né öðrum greinum laganna, þar sem einsýnt sé, að lögin komi aðallega til álita, þegar ekki sé öðruvísi samið, og stefnandi hafi einmitt gert samning við stefnda, sem sé á engan hátt andstæður ákvæðum sjómannalaga eða ákvæðum kjarasamnings bryta miðað við eðli verksins, sem stefnandi hafi tekið að sér með samningnum. Stefnandi hafi þannig tekið að sér verkið sem eina rekstursheild fyrir ákveðna mánaðar-

lega þóknun, sem miði af verðbreytingum, og í þessari þóknun hafi verið laun stefnanda sem bryta, laun aðstoðarfólks, rekstursgjöld og skattar og skyldur, sem greiða varð af rekstri stefnanda.

Enginn annar samningur hafi verið gerður með aðiljum. Stefndi hafi sagt samningnum við stefnanda upp með umsömdum fresti og hafi starfsemi stefnanda og brytastarfi lokið 31. maí 1980 samkvæmt samningnum. Það sé aftur á móti samhljóða ákvæðum 18. gr. sjómannalaga, þar sem segi: „Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur eða ef hann er afskráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum,“ en stefnandi hafi einmitt verið afskráður 31. maí 1980. Stefnanda hafi verið greitt kaup til 31. maí 1980 og eigi hann því ekkert kaup inni hjá stefnda og sé kröfugerð stefnanda því með öllu tilefnislaus. Dskj. nr. 19 sé ekki mótmælt sem slíku, en lagt sé á vald dómsins að meta sönnunargildi þess, en skjalið sé óstaðfest.

III. Niðurstaða dómsins.

Ekki er deilt um það með aðiljum, að samningi þeim, sem stefnandi gerði við stefnda, dskj. 7, var löglega sagt upp af stefnda, og aðiljar eru sammála um, að samningurinn hafi verið niður fallinn eftir 31. maí 1980. Aðalágreiningsefnið með aðiljum virðist hins vegar vera þetta: Stefndi byggir á því, að þar sem hann sagði samningnum við stefnanda upp með umsömdum fresti, hafi starfsemi stefnanda um borð í m/s Herjólf og brytastarfi lokið 31. maí 1980, en stefnandi virðist aftur á móti byggja á því, að lögskráning hans sem bryta og vinna hans um borð í skipinu eigi sér sjálfstæða tilvist, eftir að samningurinn er niður fallinn og þessu starfi hans, sem sé varið að lögum bæði af kjarasamningi bryta og af sjómannalögum, verði stefndi að segja sérstaklega upp.

Dómurinn lítur svo á, að ef tilætlun aðilja hafi verið sú, að starfi stefnanda um borð í skipinu lyki, um leið og samningurinn, dskj. nr. 7, félli úr gildi fyrir tilverknað annars eða beggja aðilja, hefði það átt að koma skýrt fram í samningnum sjálfum. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í umræddum samningi.

Þá þykir mega fallast á það sjónarmið stefnanda, að sérstaklega hafi þurft að segja upp starfi stefnanda sem áhafnarmeðlims. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 67 frá 31. desember 1963 er enn fremur ljóst, að skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum. Ekki er um það deilt, að stefnandi var skráður úr skiprúmi 31. maí sl., og honum var sérstaklega tilkynnt um þá afskráningu af skipstjóra 1. júní sl., enda leit stefnandi svo á, að frekara starfi hans um borð í skipinu væri með því hafnað. Bréf það, sem stefnandi fékk sent frá stefnda, dskj. nr. 8, fól í

sér uppsögn á samningi þeim, sem aðiljar gerðu með sér á rekstri veitingastofu o. fl. um borð í skipinu, en hvergi er þar að finna yfirlýsingu um, að stefnanda sem áhafnarmeðlimi væri sagt upp störfum, enda var það hlutverk skipstjóra að segja því starfi upp, eins og að framan greinir. Þykir þannig verða að fallast á það með stefnanda, að þessu starfi hans hafi þurft að segja upp skriflega, svo óyggjandi væri. Gögn málsins virðast enn fremur leiða til þess, að líta verði svo á, að með því að skrá stefnanda úr skiprúmi 31. maí sl. og krefjast þess, að stefnandi skilaði lykklum, er tilheyrt hefðu starfi stefnanda, hafi stefndi vikið stefnanda fyrirvaralaust úr starfi, sem gefur stefnanda rétt til að krefja stefnda um bætur í samræmi við ákvæði sjómannalaga, enda hafa ekki komið fram í málinu neinar þær ávirðingar í starfi stefnanda, er leitt gætu til þess, að hann yrði að þola hina fyrirvaralaus brottvikningu bótalaut.

Telja verður, að stefnandi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga 67/1963, enda kemur fram í lögskráningarvottorði, að hann hafi verið skráður sem bryti á skipið. Gögn málsins bera enn fremur ekki með sér, að stefnandi hafi við lögskráningu eða á annan óyggjandi hátt verið skráður á skipið skv. sérsamningum.

Um samninginn, dskj. nr. 7, var þannig ekki getið í skipshafnarskránni, enda hann ekki lagður fyrir lögskráningarstjóra, er lögskráning fór fram. Lögskráningarstjóri hafði þannig ekki tök á að benda stefnanda á þau ákvæði í samningnum, sem kynnu að fara í bága við gildandi kjarasamning og sjómannalög, sbr. 11. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna. Þá kemur fram í vætti Angantýs Eliassonar, starfsmanns lögskráningarstjórans í Vestmannaeyjum, að þar sem ekki hafi verið getið um annað við lögskráninguna, þá hafi vitnið gengið út frá því, að skráð væri eftir samningi viðkomandi stéttarfélags varðandi kaup og kjör, og stimplaði vitnið „samkv. samn. viðk. stéttarfél.“ í reitinn kaup og kjör við nafn stefnanda í skipshafnarskrána. Þykir eðlilegt, að stefndi beri hallann af allri vanrækslu í þessum efnum, enda lítur dómurinn svo á, að stefnandi hafi ekki þrátt fyrir uppsagnarákvæði samningsins, dskj. 7, við lögskráningu samið um verri kjör að þessu leyti en hann átti skv. gildandi kjarasamningi og sjómannalögum.

Stefnandi hefur lagt fram skjal, (skeyti) dskj. 28, sem ber með sér, að hann hafi verið fullgildur meðlimur í Brytafélagi Íslands frá árinu 1976.

Af hálfu stefnda hefur því ekki verið mótmælt, að skeytið sé frá gjaldkera Brytafélags Íslands, Eggerti Eggertssyni, komið, og verður því að líta svo á, að það hafi sönnunargildi í þessu máli. Óvissa stefnanda sjálfs, sem ávallt greiddi til Félags matreiðslumanna, til hvaða stéttarfélags hann taldist, á meðan hann starfaði á m/s Herjólf, þykir ekki verða látin leiða til þess, að litið verði svo á, að stefnandi geti ekki hafa talist til Brytafélags

Íslands. Dskj. nr. 29 þykir enda benda til þess, að Brytafélag Íslands hafi litið á stefnanda sem fullgildan félagsmann sinn, á meðan hann var lögskráður sem bryti á m/s Herjólf. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi, þótt stefndi hafi trassað að leita eftir undanþágu fyrir stefnanda, sem hafði ekki brytaréttindi, og þá verður stefnandi ekki látinn bera hallann af van-gæslu lögskráningarstjóra að þessu leyti. Þykir þannig mega líta svo á með stefnanda, að við útreikning á skaðabótum til hans vegna hinnar fyrirvara-lausu brottvikningar verði miðað við brytalaun tímabilið 1. júní til 31. ágúst 1980, enda var stefnandi í samræmi við það, sem að ofan segir, í stéttar-félagi bryta og átti þriggja mánaða uppsagnarfrest að lögum. Tölulegum útreikningi, sem stefnandi setur fram í þessu sambandi, hefur stefndi ekki mótmælt, að sé réttur, og verður við þennan útreikning miðað.

Vextir af kröfu þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, skulu fara eftir reglum um dómvexti, eins og stefnandi hefur gert kröfu um, og ber því m. a. að miða upphafstíma vaxta við birtingardag stefnu í málinu, sbr. lög nr. 56/1979.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi Herjólfur h/f greiði stefnanda kr. 24.932.92 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, en þá með 42% ársvöxtum til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir atvikum og með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þá er í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 viður-kenndur sjóveðréttur í m/s Herjólf TFVB til tryggingar hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum (dómsformaður), kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðrik Ásmundssyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Herjólfur h/f, greiði stefnanda, Eðvarði Jónssyni, kr. 24.932.92 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, en þá með 42% ársvöxtum til 1. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Herjólf TFVB fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 5. desember 1983.

Nr. 214/1983. Þórður Þórðarson

gegn

Hafðísi Magnúsdóttur.

Kærumál. Krafa um ógildingu hjúskapar. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Málsaðiljar hafa báðir skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sóknaraðili hinn 14. nóvember sl., en varnaraðili hinn 16. nóvember sl. Bárust kærurnar ásamt málsgögnum til Hæstaréttar hinn 25. s. m.

Varnaraðili svo og héraðsdómari hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og, að sér „verði tildæmdur málskostnaður úr ríkissjóði fyrir þennan þátt málsins, en mál þetta er gjafvarnarmál. Þá er og gerð krafa um, að varnaraðili verði dæmdur til þess að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.“

Varnaraðili krefst þess einnig, að frávísunardómur bæjarþingsins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um stefnukröfurnar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Eftir uppsögu hins kærða frávísunardóms hefur varnaraðili hinn 18. nóvember sl. gefið skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur. Í sama þinghaldi kom og fyrir dóm Ólöf Pétursdóttir, deildarsstjóri í dóms-